

**Fundargerð 6. fundar
Ferða-, safna- og menningarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
26. mars 2019 , kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Rakel Ósk Eckard formaður, Vitor Hugo Rodrigues Eugenio aðalmaður, Guðmundur Magnússon aðalmaður, Svavar Grétarsson aðalmaður, Álfhildur Sigurjónsdóttir áheyrnarfulltrúi, Guðjón Þ. Kristjánsson, .

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Eyrarrósin - Verðlaunaafhending - 1810021

Afgreiðsla:

Ráðið lýsir ánægju sinni með vel heppnaðan viðburð og óskar nýjum verðlaunahöfum til hamingju með Eyrarrósina. Einnig vill ráðið koma þökkum til þeirra starfsmanna sem sáu um undirbúning viðburðarins og þá sérstaklega Eyþóri Kolbeinssyni skólustjóra tónlistarskólans í Garði og Guðjóni Kristjánssyni.

2. Ferskir vindar - Alþjóðleg listahátíð - 1810021

Afgreiðsla:

Ráðið óskar eftir því að fá samning við Ferska vinda til kynningar.

3. Safnahelgi á Suðurnesjum - 1901036

Afgreiðsla:

Minnisblað lagt fram.

Ráðið lýsir ánægju sinni með Safnahelgi á Suðurnesjum og vaxandi þátttöku bæði safna og almennings.

4. Sameiginleg menningarstefna sveitarfélagana á Suðurnesjum - 1811072

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar.

5. Ferða- safna- og menningarráð: starfsáætlun 2018-2022 - 1807079

Afgreiðsla:

Stefnt er að því að halda íbúafund 16. maí um bæjarhátíðir og viðburði í Suðurnesjabæ.

6. Sólseturshátíð 2019 - 1902082

Á 18. fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2019 var fjallað um drög að samstarfssamningi við Knattspyrnufélagið Víðir um framkvæmd Sólseturshátíðar 2019. Bæjarráð

samþykkti að fela bæjarstjóra að undirrita samninginn. Framlag sveitarfélagsins til hátíðarinnar er í samræmi við fjárhagsáætlun 2019. Samningnum vísað til kynningar hjá Ferða-, safna- og menningarráði.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar. Ráðið óskar eftir því að fulltrúar Víðis komi á fund ráðsins og kynni dagskrá hátíðarinnar.

7. Sandgerðisdagar 2019 - 1903076

Afgreiðsla:

Tveir aðilar hafa lýst áhuga á að halda utan um Sandgerðisdaga. Ráðið leggur til að báðir aðilar verði boðaðir á fund ráðsins og kynni hugmyndir sínar áður en ákvörðun er tekin.

Fundi slitið kl. 20:00.
